

Mál nr. 206/2013
(M)
og (V) v/ ábyrgðartryggingar (Þ)

Vinnuslys við vinnupall 5. júní 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 31. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 10. júní 2013.

Málsatvik.

M var við störf um borð í skipi í eigu Þ og slasaðist þegar hann var að fara niður af vinnupalli. Vinnupallurinn var í eigu Þ en í gögnum málsins má sjá að M hafi sjálfur sett hann saman fyrir notkun. Slysíð varð með þeim hætti að þegar M var á leið niður af vinnupallinum þá féll pallurinn saman M féll niður með honum og hlaut brot á hægri hné. Í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að festingar pallsins hafi losnað og í lögregluskýrslu er nefnt að læsing hafi losnað. Í skýrslu sinni hjá lögreglu getur M ekki gefið skýringar á því hvað varð til þess að pallurinn datt í sundur.

M telur að Þ beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins þar sem hann sem atvinnurekandi hafi ekki gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustaðnum. M vísar til almennra reglna 13., 14., 21. og 37.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M vísar einnig til almennra skyldna í 5.gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 og í reglum um röraverkþalla nr. 331/1989.

V telur að Þ hafi haft verkstjórnarskyldur gagnvart M sem var reyndur starfsmaður vélsmiðju og ekki nauðsynlegt að leiðbeina honum sérstaklega við verkið eða við uppsetningu vinnupalls, en að eigin sögn hafi M sett slíka þalla saman margoft áður og verkið hafi verið einfalt. V telur að ekki hafi komið fram upplýsingar í málinu sem bendi til þess að Þ beri skaðabótaábyrgð á slysi M.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi sjálfur sett saman vinnupall þann sem hann notaði við vinnu sína og hafi hann gert það mörgum sinnum áður. Um einfalt verk var að ræða ekki hafa fengist fullnægjandi skýringar á því hvers vegna pallurinn féll saman. M hefur vísað til almennra skyldna Þ skv. lögum og reglum um aðbúnað við vinnu, en í málinu liggja ekki fyrir skýr gögn um að Þ hafi brotið gegn þeim skyldum. Ekki verður séð að nokkuð hafi komið fram í málinu sem bendir til þess að starfsmenn Þ hafi vanrækt skyldur sínar gagnvart M eða að Þ beri af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu Þ hjá V.

Reykjavík 25. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.